



Kæri fjarnámsnemandi

Skólastarfið í MÍ hefst 6. janúar n.k. Frá og með þeim degi eiga allir áfangar að vera aðgengilegir á námsvefnum okkar, Moodle. Við í MÍ hvetjum þig til að byrja fjarnámið strax af krafti og óskum þér góðs gengis í náminu. Endilega hafðu samband við okkur ef eitthvað er.

📌 Aðgangur að Moodle

Við fjarnámskennslu notum við í MÍ námsumhverfið **Moodle**, <https://moodle2.fvi.is/>. Allir fjarnemar sem hafa greitt fjarnámsgjöld eru búnir eða við það að fá sendan aðgang í tölvupósti og vonandi hafa allir aðgangar skilað sér áður en mánudagurinn 6. janúar er allur. **Athugið að fjarnemendur sem hafa verið áður í námi hjá okkur nota sama aðgang og þeir notuðu þá.** Þeir sem hafa glatað aðganginum geta haft samband við Elínu, ritara skólans á netfangið elin@misa.is Leiðbeiningar um hvernig á að skrá sig inn á Moodle munu fylgja tölvupóstinum með aðgangsupplýsingunum.

Nemendur í fjarnámi geta fengið Microsoft Office pakkann hjá skólanum og notað hann á meðan þeir eru skráðir í nám við skólann. Frekari upplýsingar gefur Guðjón Torfi Sigurðsson tölvuumsjónarmaður skólans (gudjonts@misa.is)

📌 Aðgangur að INNU

Við fjarnámskennsluna notum við einnig námsumsjónarkerfið **INNU**, www.inna.is Í INNU getur þú séð í hvaða áfanga þú ert skráður í, einkunnir, lotumat o.fl. Til að skrá sig inn á INNU þarf að nota rafræn skilríki eða Íslykil. Ef þið hafið ekki aðgang að þeim getið þið sótt um Íslykil <https://innskraning.island.is/order.aspx> og rafræn skilríki <https://www.skilriki.is/>



Á heimasíðu skólans, www.misa.is, eru tenglar inn á bæði Moodle og INNU. Lendir þú í einhverjum vandræðum með Moodle eða INNU þá ekki hika við að hafa samband við okkur í MÍ á netfangið elin@misa.is

📌 Kennari hvers áfanga hefur samband

Kennarar hvers áfanga hafa samband við fjarnemendur í gegnum tölvupóst við upphaf fjarnáms.

Greiðsluseðill í heimabanka

Allir fjarnámsnemendur, nema þeir sem skráðu sig eftir áramót, eiga nú að hafa fengið reikning í heimabanka. Athugið þó að

- þetta á **ekki** við um nemendur sem eru í fjarnámi gegnum Fjarmenntaskólann
- þetta á **ekki** við um nemendur í sjúkraliðanámi í gegnum Fjarmenntaskólann
- ef fjarnámsnemandi er undir 18 ára aldri fer greiðsluseðillinn í heimabanka forráðamanns

Skráningargjald er 6.000 kr. á önn

- Fyrsti áfangi 12.000 kr.
- Annar áfangi 12.000 kr.
- Þriðji áfangi 0 kr.

Námsgagnalisti

Námsgagnalisti er á heimasíðu skólans, www.misa.is en hann má einnig finna í INNU og hér https://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/492/.

Nokkur praktísk atriði

- ✓ Mikilvægt er að fara **nokkrum sinnum í viku inn á Moodle** til að fylgjast með því sem fram fer í áfanganum. Á Moodle er m.a. að finna námsáætlun áfanga og mikilvægt að nemendur kynni sér hana vel í upphafi annar. Í námsáætlun koma m.a. fram upplýsingar um:
 - efni áfangans
 - markmið
 - áætlun um yfirferð
 - námsmat
 - námsgögn
- ✓ Í Mí er lögð áhersla á **leiðsagnarnám** þar sem nemendur eru metnir jafnt og þétt alla önnina með það að markmiði að bæta námsárangur og kennslu. Nemendur þurfa því að vinna jafnt og þétt yfir önnina. Námsmat í fjarnámi er fjölbreytt og getur t.a.m. falið í sér verkefnaskil, skýrsluskrif, hlutapróf, ritgerðir og fleira. **Engin lokapróf eru í fjarnámi.**

- ✓ Hverri önn er skipt niður í þrjár námslotur. Eftir fyrstu tvær loturnar er gefið **lotumat**. Á skóladagatalinu okkar má finna allar mikilvægar dagsetningar skólaársins, https://misa.is/skolinn/skrar_og_skjol/skra/489/

Nemendur með námsörðugleika

Nemendur með námsörðugleika þurfa að láta kennara sína vita. Þurfi nemendur á sérstökum úrræðum í námi að halda, t.d. vegna lesblindu, þarf beiðni þar að lútandi að koma frá nemandanum sjálfum.

Nemendur hafa aðgang að **náms- og starfsráðgjafa**. Náms- og starfsráðgjafi skólans er Stella Hjaltadóttir (stella@misa.is). Möguleiki er að fá Facetime viðtöl við hana eftir samkomulagi.

Að lokum

Ákveði fjarnámsnemandi að hætta í áfanga þarf hann að láta kennara og fjarnámsstjóra Mí (andrea@misa.is, fjarnam@misa.is) vita. Hægt er að segja sig úr áföngum til 23. janúar. Ef nemandi hættir í áfanga eftir það fær hann fall (F) í áfanganum. **Fjarnámsgjöld eru ekki endurgreidd.**

Ef einhverjar spurningar vakna þá ekki hika við að hafa samband við okkur.

Með von um gott samstarf og gangi þér vel.

Andrea Harðardóttir umsjónarmaður fjarnáms